

Fundargerð skólaráðs Kerhólsskóla

Fundargerð.

Fundur Skólaráðs Kerhólsskóla var haldinn í fundarsal sveitarfélagsins, þriðjudaginn 14. september 2021 kl. 10.00 f.h.

Fundinn sátu:

Anna Katrín Þórarinsdóttir, fulltrúi kennara grunnskóladeildar,
Sigríður Þorbjörnsdóttir, fulltrúi leikskóladeildar,
Ásdís Rún Grímsdóttir, fulltrúi nemenda,
Matthías Fossberg Matthíasson, fulltrúi nemenda,
Íris Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra,
Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri,
Linda Sverrisdóttir, fulltrúi Grenndarsamfélagsins,
Sigríður Björnsdóttir, fulltrúi starfsfólks,
Íris Anna Steinarrsdóttir, aðstoðarskólastjóri,

Jóna Björg Jónsdóttir, ritaði fundargerð.

1. Innramatsskýrsla

- Innra mats skýrslan var send með fundarboðinu
- Umræður um innramatsskýrluna, engar athugasemdir.

2. Starfsáætlun Kerhólsskóla:

- Jóna Björg lagði fram starfáætlunina sem einnig er í formi heimasíðu skólans. Jóna Björg sagði frá því að hún væri uppfærð eftir því sem þurfa þyki.
- Umræður um starfsáætlunina.
- Jóna Björg talaði um að þeir sem væru í skólaráði þyrftu sérstaklega að kynna sér starfsáætlunina því það væri þeirra hlutverk sem fulltrúar í skólaráði að koma með athugasemdir ef þeim fyndist eitthvað athugavert við hana.
- Starfsáætlunin samþykkt.

2. Jóna Björg fór yfir fjölda barna í skólanum

- Börnin í leikskóladeildinni verða líklega 15 í vetur og 49 í grunnskóladeildinni.

3. Helstu verkefni Kerhólsskóla fyrir skólaárið 2021-22

- Aðal áherslan í Kerhólsskóla er að öllum börnunum líði vel svo þau nái að þroskast og dafna og fá að læra á sínum hraða (einstaklingsmiðað nám).
- Til að stuðla að því að öllum líði vel þá notum við uppeldi til ábyrgðar og einnig ART þegar það hentar betur.
- Megin áherslur í vetur eru í leikskóladeildinni er gerð þriðju starfendarannsóknarinnar um „Flæði“ en það er starfsaðferð sem verið er að innleiða og búið er að vinna með síðustu tæp tvö ár.

Fundargerð skólaráðs Kerhólsskóla

- Í Grunnskóladeildinni hefur verið mikil áhersla lögð á lesturinn og verður í allan vetur. Þróunarverkefnið Orð af Orði er enn í gangi og verður áfram. Verið er að innleiða lesferil það er skimun til að sjá lestrargetu nemenda.
- **Grænfánaverkefnið og útikennslan fer mikið saman og er alltaf í gangi.** Grænfánaverkefnið býið að vera í gangi mörg ár og verur sótt um úttekt næsta vor og þá fáum við væntanlega nýjan/endurnýjaðan grænfána. Í umhverfisnefnd (grænfánanefnd) er einn fulltrúi úr hverjum árgangi í grunnskólanum og tvö börn úr elsta hópnum í leikskólanum. Fundað 3-4 sinnum á vetri. Þau miðla svo áfram inn í sína áraganga með hjálp fullorðinna. Nemendur stýra svolítið sjálf hvað þau vilja taka sér fyrir hendur og í fyrra völdu þau sér lífbreytileika og náttúruvernd.
- **Heilsueflandi skóli, leik- og grunnskóli:** Er að fara í gang þetta skólaár ásamt heimsmarkiðum sameinuðupjóðanna.

4. Önnur mál

- Engin önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 10:26